



Skoðunarhandbók

# Daglegt eftirlit við slátrun á sauðfé, svínunum og stórgripum

september 2014



## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Lög og reglugerðir.....	3
3. Undirbúningur .....	3
3.1. Skipulagning á eftirliti dagsins .....	3
3.2. Tíðni eftirlits .....	4
3.3. Kynning niðurstaðna .....	4
3.4. Skýrslur / skráning / vistun .....	4
4. Skoðun lifandi sláturdýra .....	4
4.1. Upplýsingar um matvælaferlið .....	4
4.2. Skoðun lifandi sláturdýra (AM = ante-mortem skoðun).....	5
5. Aflífun.....	7
5.1. Framkvæmd.....	7
5.2. Ákvarðanir.....	7
5.3. Skráningar og vistun skjala .....	7
6. Skoðun eftir slátrun (PM = post-mortem skoðun) .....	8
6.1. Framkvæmd.....	8
6.2. Ákvarðanir varðandi sláturafurðir .....	8
6.3. Stimplun og heilbrigðismerkingar.....	8
6.4. Skráningar, vistun og tilkynningar .....	9
7. Hollustuhátta – og hitastigseftirlit .....	9
7.1. Framkvæmd.....	9
7.2. Ákvarðanir.....	10
7.3. Skráningar, vistun og tilkynningar .....	10
8. Sérstakt áhættuefni og aðrar aukaafurðir dýra .....	10
8.1. Framkvæmd.....	10
8.2. Ákvarðanir.....	10
8.3. Skráningar, vistun og tilkynningar .....	10
9. Prófanir á rannsóknastofu.....	10
9.1. Framkvæmd.....	11
9.2. Ákvarðanir.....	11
9.3. Skráning og vistun skjala .....	11
10. Sérkröfur markaðsvæða .....	11
10.1. Framkvæmd.....	11
10.2. Ákvarðanir.....	12
10.3. Skráning, vistun og tilkynningar .....	12
11. Aðstoðarfólk.....	12
12. Heilbrigðisskoðun sláturafurða .....	12
12.1. Illkynja smitsjúkdómar.....	13
12.2. Aðrir smitsjúkdómar .....	13
12.3. Æxli og æxlissjúkdómar .....	14
12.4. Efnaröskunar-, hörgul og eitrunarsjúkdómar .....	14
12.5. Óeðlileg lykt, bragð, litur .....	14
12.6. Sjúkdómar í hjarta og æðakerfi.....	14
12.7. Sjúkdómar í öndunarfærum .....	15
12.8. Sjúkdómar í brjósthimnu .....	15
12.9. Sjúkdómar í meltingarfærum .....	15
12.10. Sjúkdómar í lífhimnu .....	15

12.11. Sjúkdómar í lifur.....	16
12.12. Sjúkdómar í þvagfærum .....	16
12.13. Sjúkdómar í júgri og æxlunarfærum .....	16
12.14. Sjúkdómar í beinum, liðum og sinaslíðum.....	16
12.15. Sjúkdómar í vöðvum .....	17
12.16. Sjúkdómar í húð.....	17
12.17. Sníkjudýr.....	17

## 1. Inngangur

Daglegt eftirlit:

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings VLY-036 um daglegt eftirlit héraðsdýralækna/eftirlitsdýralækna (hd/ed) í sláturhúsum samkvæmt reglugerð 854/2004 (105/2010). Leiðbeiningarnar gilda um daglegt eftirlit hd/ed í sláturhúsum. Þær taka til skoðunarverkefna samkvæmt reglugerð 854/2004 (105/2010) I. viðauka II. kafla.

Reglubundnar úttektir:

Skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008, fjallar um reglubundnar úttektir Matvælastofnunar á hollustuháttum við framleiðslu matvæla.

## 2. Lög og reglugerðir

Lög nr. 93/1995 um matvæli

Lög nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir með áorðnum breytingum

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra

Lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

Reglugerð nr. 449/2012 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða

Reglugerð nr. 854/2004/EB (105/2010) um skipulag opinbers eftirlits með dýraafurðum

Reglugerð nr. 2073/2005/EB (135/2010) um örverufræðileg viðmið fyrir matvæli

Reglugerð nr. 2075/2001/EB (136 /2010) um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínum í kjöti

Reglugerð nr. 1774/2002/EB (108/2010) um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis

Reglugerð nr. 1099/2009/EB (911/2012) um vernd dýra við aflifun

Reglugerð nr. 30/2012 um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra

Reglugerð nr. 52 / 2014 um tilkynningarskylda dýrasjúkdóma

Vitnað er í EB númer reglugerðanna í leiðbeiningunum.

## 3. Undirbúningur

### 3.1. Skipulagning á eftirliti dagsins

Hd/ed fær hjá sláturleyfishafa upplýsingar um og kynnir sér sláturáætlun dagsins, hverju á að slátra, fjölda sláturdýra, tegund og aldur þeirra og hvort einhver sérstök frávik eru eins og línubrjótur, salmonellumenguð dýr, slösuð dýr eða annað sem krefst sérstakrar skoðunar. Á grundvelli þessara upplýsinga skipuleggur hann eftirlit fyrir daginn, hvaða skoðunarverkefnum skuli sinna og hvernig og skráir í viðeigandi reiti í GAT-011 eða GAT-019 sem er ensk útgáfa.

### 3.2. Tíðni eftirlits

Sumum skoðunarverkefnum sbr. GAT-011/GAT-019 þarf að sinna á hverjum sláturdegi en öðrum sjaldnar. Hd/ed tekur ákvörðun um tíðni eftirlits vegna hollustuhátta og hitastigseftirlits sem er byggt á virkni innra eftirlits sláturleyfishafa. Slíkt eftirlit skal að lágmarki fara fram 1 x í viku.

### 3.3. Kynning niðurstaðna

Hd/ed staðfestir niðurstöður úr eftirliti með því að árita skráningablöð sláturleyfishafa, gera daglegar skýrslur (GAT-011/GAT-019) og frávíkaskýrslu (EBL-066), ef við á. Öll frávik dagsins eru skráð á sömu frávíkaskýrsluna. Frávíkaskýrsla skal afhent sláturleyfishafa eða send með tölvupósti. Frávíkaskýrsla skal undirrituð af hd/ed og móttaka staðfest af sláturleyfishafa með undirritun.

### 3.4. Skýrslur / skráning / vistun

Leiðbeiningar varðandi skýrslur, skráningar og vistun eru í hverjum kafla.

## 4. Skoðun lifandi sláturdýra

### 4.1. Upplýsingar um matvælaferlið

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. 1) a og I. viðauki, I. þáttur, II. kafli A, B, C.

#### 4.1.1. Framkvæmd

Hd/ed kannar og greinir ef ástæða er til viðeigandi upplýsingar úr skráum upprunahjarðar sláturdýra og tekur mið af þeim við AM og PM skoðun. Hann tekur einnig mið af opinberum vottorðum og yfirlýsingum sem fylgja dýrunum og vottunum sjálfstæðs þriðja aðila.

Hd/ed kannar hvort fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar:

- a. Yfirlýsing forráðamanns varðandi heilbrigði sláturdýra, upplýsingar um lyfjagjöf sem varða afurðanýtingu og opinberar flutningstakmarkanir t.d. vegna smitsjúkdóma dýra, salmonellu eða aðskotaefna.
- b. Hvort sláturleyfishafi hafi sannreynt ofangreindar upplýsingar fyrir hvern sláturhóp / grip í viðeigandi gagnagrunnum.

#### 4.1.2. Ákvarðanir varðandi upplýsingar um matvælaferlið

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. 3) b og I. viðauki, II. þátt, II. kafla 1- 5.

- a. Óheimilt að slátra dýrum nema sláturleyfishafi hafi móttakið og skoðað viðeigandi matvælaferlisupplýsingar, sbr. 4.1.1. Hd/ed getur heimilað slátrun þó upplýsingar vanti enda sé þá skrokk og afurðum hans haldið aðskildum frá öðrum afurðum. Berist viðeigandi upplýsingar ekki innan 24 klst. frá komu dýrsins í sláturhús skulu afurðir dæmdar óhæfar til manneldis.
- b. Hafi dýrinu ekki verið slátrað skal því slátrað aðskilið frá öðrum dýrum.
- c. Ef fylgiskjöl, gögn eða aðrar upplýsingar leiða í ljós;
  1. að í gildi sé flutningsbann eða aðrar takmarkanir á sláturdýrunum,

2. brot á reglum um notkun dýralfjfa eða
3. eitthvað annað ástand skaðlegt fyrir heilbrigði manna eða dýra,

þá er óheimilt að samþykkja dýr til slátrunar. Sé dýrið komið í sláturhús skal dýrinu slátrað aðskilið frá öðrum dýrum og afurðir dæmdar óhæfar til manneldis.

#### 4.1.3. Skráning, vistun og tilkynningar

Hd/ed merkir við á dagskýrslu, GAT-011/GAT-019 undir lið 4 að eftirlit (matarferlisupplýsingar) hafi farið fram. Ef frávik koma í ljós skal frávikaskýrsla EBL-066 fyllt út, og skal hún afhent sláturhússtjóra. Tilvísun í númer frávikaskýrslu skal skráð á GAT-011/GAT-019.

Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

Hd/ed tilkynnir sláturleyfishafa, innleggjanda og aðalskrifstofu MAST ef skoðun leiðir í ljós sjúkdóm sem fellur undir VLR-024 viðbrögð við alvarlegum dýrasjúkdómum. Nota skal viðeigandi eyðublað sem eru tengd verklagsreglunni. Ef skoðun leiðir í ljós ástand sem getur haft áhrif á lýðheilsu, dýraheilbrigði, velferð dýra eða sjúkdóm sem fellur ekki undir VLR-024 en þarf að tilkynna skal fylla út EBL-075 og senda til MAST, [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is), þaðan sem upplýsingum er miðlað til viðkomandi ábyrgðaraðila. Hd/ed í viðkomandi umdæmi metur þörf á viðbótareftirliti á upprunabújörð og aðgerðum gagnvart stjórnanda þar.

Afrit eyðublaða tengdum VLR-024 og af EBL-075 er vistað á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Tilkynningar til MAST“. Ef þörf er á er viðeigandi viðbragðsáætlun virkjuð.

#### 4.2. Skoðun lifandi sláturdýra (AM = ante-mortem skoðun)

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. 1. b og c og I. viðauki, I. þáttur, II. kafli B og C og IV. þáttur, IV. kafli.

##### 4.2.1. Framkvæmd

Hd/ed skal skoða öll dýr fyrir slátrun innan 24 klst. frá komu í sláturhús og innan 24 klst. fyrir slátrun. Einkum skal skoða hvort:

- a. Reglur um einstaklingsmerkingar sláturdýra séu uppfylltar.
- b. Reglum um dýravelferð í flutningum og rétt er fylgt (skráning á ástandi sláturdýra við komu, aðbúnaður, brynning, fóðrun þar sem það á við, lýsing, loftræsting, nægjanleg hvíld, merkingar á dilkum í rétt, skráning á komutíma o. fl.).
- c. Sláturdýr virðist heilbrigð og leggja megináherslu á greiningu mannsmitanlegra sjúkdóma (súna) og tilkynningaskyldra dýrasjúkdóma. Hd/ed skal ef unnt er ganga inn í dilka í sauðfjársláturhúsi, kanna hvort sláturdýr virðast heilbrigð og geti hreyft sig eðlilega og athuga sérstaklega sjúkdómseinkenni eins og hósta, skitu, holti o. fl. Hann skal jafnframt hafa samráð við réttarstjóra varðandi ástand dýra við móttöku.
- d. Hd/ed skal sérstaklega skoða öll dýr sem sláturleyfishafi hefur tekið frá, þ.e. sýnilega sjúk, lemstruð og slösuð dýr.
- e. Hd/ed skal líta eftir hreinleika sláturdýra og votta mat réttarstjóra ef sláturdýr eru óhrein, sbr. ákvæði um hrein sláturdýr í III. viðauka, IV. kafla reglugerðar nr. 853/2004 (104/2010) um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýraríkinu.

- f. Hd/ed skal ætíð kanna orsakir þess ef dýr drepast í flutningi eða í sláturhúsrétt og skrá niðurstöður undir athugasemdir á GAT-011/GAT-019. Dýralæknir staðfestir að slátra megi dýrum með áritun á skjöl réttarstjóra eða með öðrum viðurkenndum rekjanlegum hætti.
- g. Hd/ed skal kanna að innra eftirlit sláturleyfishafa með velferð dýra sé virkt.

#### 4.2.2. Ákvarðanir varðandi lifandi dýr

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. 3 c og d, og I. viðauki II. þátt, III. Kafli, 1- 8 og IV. kafli.

- a. Sláturdýr sem ekki er hægt að sanngreina einstaklingsmerkingar með vissu skal aflífa aðskilið frá öðrum dýrum og þau dæmd óhæf til manneldis.
- b. Sláturdýrum sem eru svo óhrein að óviðunandi hætta sé á að kjötið mengist við slátrun má ekki slátra og nýta til manneldis nema þau hafi verið þrifu áður.
- c. Sláturdýr sem eru með sjúkdóm eða í því ástandi að þau geti smitað fólk eða önnur dýr við slátrun eða við neyslu afurða, sýnilega mjög horuð dýr eða með klínísk einkenni um útbreiddan sjúkdóm í líkamanum skal slátrað aðskildum frá öðrum sláturdýrum svo smitdreifing eigi sér ekki stað og afurðir skulu dæmdar óhæfar til manneldis.
- d. Fresta skal slátrun á dýrum sem grunur leikur á að séu með sjúkdóm eða í slíku ástandi að þau gætu haft áhrif á heilbrigði manna eða dýra. Þau skal skoða nákvæmlega og hugsanlega taka sýni til frekari greiningar eftir slátrun. Dýrunum skal slátra aðskilið frá öðrum sláturdýrum eða í lok vinnudags með nauðsynlegum varúðarráðstöfunum varðandi smitdreifingu.
- e. Dýr sem kunna að innhalda leifar dýralyfja umfram leyfileg mörk eða leifar bannaðra efna skal ráðstafað samkvæmt ákvæðum í Reglugerð nr. 30/2012 um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra.
- f. Hd/ed ákveður skilyrði varðandi slátranir vegna tiltekinna sjúkdóma og mannsmitanlegra dýrasjúkdóma eins og salmonellu í samráði við sérgreinadýralækna.
- g. Hd/ed getur í undantekningatilvikum, t.d. vegna alvarlegrar bilunar á tækjabúnaði, ákveðið að dýr séu flutt beint í annað sláturhús.
- h. Hd/ed skal ganga úr skugga um að stjórnandi sláturhúss geri nauðsynlegar úrbætur ef reglur um dýravelferð eru brotnar. Hann skal grípa til hlutfallsbundinna og stigvaxandi þvingunaraðgerða sem fela t.d. í sér kröfu um endurmenntun starfsfólks, að hægja á slátrun eða stöðva hana allt eftir eðli og alvöru málsins.
- i. Hd/ed skal gera viðeigandi ráðstafanir sbr. kafla 4.2.3 ef reglur um velferð dýra í flutningum eru brotnar.

#### 4.2.3. Skráning, vistun og tilkynningar

Hd/ed merkir við á dagskýrslu, GAT-011/GAT-019 undir lið 4 að eftirlit (AM skoðun) hafi farið fram. Ef frávik koma í ljós skal frávikaskýrsla EBL-066 fyllt út, og skal hún afhent sláturhússtjóra. Tilvísun í númer frávikaskýrslu skal skráð á GAT-011/GAT-019.

Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

Hd/ed tilkynnir sláturleyfishafa, innleggjanda og aðalskrifstofu MAST ef skoðun leiðir í ljós sjúkdóm sem fellur undir VLR-024 viðbrögð við alvarlegum dýrasjúkdómum. Nota skal viðeigandi eyðublöð sem eru

tengd verklagsreglunni. Ef skoðun leiðir í ljós ástand sem getur haft áhrif á lýðheilsu, dýraheilbrigði, velferð dýra eða sjúkdóm sem fellur ekki undir VLR-024 en þarf að tilkynna skal fylla út EBL-075 og senda til MAST, [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is), þaðan sem upplýsingum er miðlað til viðkomandi ábyrgðaraðila. Hd/ed í viðkomandi umdæmi metur þörf á viðbótareftirliti á upprunabújörð og aðgerða gagnvart stjórnanda þar.

Afrit eyðublaða tengdum VLR-024 og af EBL-075 er vistað á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Tilkynningar til MAST“. Ef þörf er á er viðeigandi viðbragðsáætlun virkjuð.

## 5. Aflifun

Reglugerð nr. 1099/2009/EB (911/2012) um vernd dýra við aflifun.

### 5.1. Framkvæmd

Hd/ed skal reglulega hafa eftirlit með aflifun sláturdýra og að þau séu meðvitundarlaus fyrir og eftir stungu

- a. Tími frá deyfingu til hálsskurðar/stungu skal vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar
- b. Sláturdýr séu meðvitundarlaus þegar þau eru stungin og að stunga/hálsskurður sé fullnægjandi.
- c. Meðvitund skal aftur metin 20 – 30 sekúndum eftir stungu / hálsskurð
- d. Tækjabúnaður sé rétt stilltur miðað við tegund og stærð sláturdýra
- e. Viðhald á tækjabúnaði sé fullnægjandi og skráð
- f. Leiðbeiningar framleiðanda á notkun og viðhaldi aðgengilegar.
- g. Deyfingarstaður sé réttur.
- h. Varabúnaður sé ætíð til staðar í seilingarfjarlægð og þekking á notkun hans fyrir hendi.
- i. Að starfsmaður sé hæfur til verksins og hafi fengið tilskilda þjálfun.
- j. Að sláturhús sé með innra eftirlit um velferð dýra í sláturhúsi
- k. Verklag sláturleyfishafa varðandi fóðrun og undirburð ef biðtími sláturdýra fer umfram ákvæði reglugerðar.

Við eftirlitið skal nota GAT-011/GAT-019.

### 5.2. Ákvarðanir

Ef um er að ræða frávik vegna 9.1.a eða 9.1.d skal gera frávikaskýrslu EBL-066 og telst það alvarlegt frávik. Krefjast skal tafarlausra úrbóta.

Ef kröfur varðandi aflifun sláturdýra eru ekki uppfylltar skal kröfum um úrbætur fylgt eftir í samræmi við 9. gr. reglugerðar 854/2004 (105/2010). Eftirfylgni fer fram skv. kafla 1.5.2 í skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008.

### 5.3. Skráningar og vistun skjala

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 9 í dagskýrslu, GAT-011/GAT-019. Ef frávik er vegna 9.1a og / eða 9.1d telst það alvarlegt. Önnur frávik teljast F. Ef skráð er frávik F eða alvarlegt frávik A skal skrifa frávikaskýrslu EBL-066 og skal tilvísun í númer hennar skráð fyrir framan skoðunaratriði. Frávikaskýrsla skal afhent sláturhússtjóra.



Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

## 6. Skoðun eftir slátrun (PM = post-mortem skoðun)

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. e og I. viðauki, I. þáttur, II. kafli D, IV. þáttur I.- IV. kafli.

Við heilbrigðisskoðun sláturafurða og mat á sjúkdómum og sjúkdómsbreytingum skal taka mið af kafla 12. Heilbrigðisskoðun sláturafurða.

### 6.1. Framkvæmd

- a. Hd/ed heilbrigðisskoðar sláturafurðir í samræmi við ákvæði í reglugerð 854/2004 (105/2010) og dæmir afurðirnar samkvæmt ákvæðum í reglugerð 854/2004 (105/2010) og kafla 12. Heilbrigðisskoðun sláturafurða. Skoða skal skrokka og sláturmat tafarlaust eftir slátrun með lágmarksþreifingu á skrokk og sláturmat, samkvæmt ákvæðum í I. viðauka, II. kafla D og IV, þætti I. – IV. kafli. Leggja skal sérstaka áherslu á að greina sjúkdóma sem geta valdið mannsmitanlegum sjúkdómum í fólki (súnur) og geta stofnað lýðheilsu í hættu og geta valdið því að skrokkar og sláturafurðir séu dæmd óhæf til mannelis. Auk þess skal leggja áherslu á tilkynningarskylda sjúkdóma samkvæmt reglugerð nr. 52 / 2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma og mannsmitanlega sjúkdóma (súnur).
- b. Gera skal nauðsynlegar viðbótarskoðanir og/eða rannsóknir, ef þörf krefur til að komast að endanlegri greiningu eða til að greina dýrasjúkdóma, efnaleifar eða aðskotaefni, að örverufræðilegum viðmiðum sé fylgt eða annað sem leiðir til að afurðirnar verði dæmdar óhæfar til mannelis. Skoða skal hvort reglum varðandi örverufræðileg viðmið sé fylgt.
- c. Skoða hvort geldir hrútar og naut hafa verið merkt á sláturlínu og skráð á innleggjanda.
- d. Hraði sláturlínu má ekki vera meiri en svo að unnt sé að framkvæma fullnægjandi skoðun.
- e. Skrokkar af tömdum hófdýrum, nautgripum eldri en 6 mánaða og alisvínnum eldri en 4 vikna skulu klofnir í helminga eftir hryggsúlunni fyrir heilbrigðisskoðun nema hd/ed heimili annað.

### 6.2. Ákvarðanir varðandi sláturafurðir

Afurðir skal dæma samkvæmt ákvæðum í:

- a. Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. 3 e, I. viðauki, I. þáttur, II. kafli D, III. kafli, II. þáttur, V. kafli 1 a – u, IV. þáttur I. – IV. kafli og IX. kafli.
- b. Við mat á sjúkdómum og sjúkdómsbreytingum skal taka mið af kafla 12. Heilbrigðisskoðun sláturafurða.

### 6.3. Stimplun og heilbrigðismerkingar

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 5. gr. 3 e, I. viðauki, I. þáttur, II. kafli D, III. kafli.

Hd/ed hefur umsjón með heilbrigðisstimplum og notkun heilbrigðismerkis. Eingöngu er heimilt að stimpla skrokka af dýrum sem hafa gengist undir ante- og post-mortem skoðun. Þó er heimilt að stimpla skrokka áður en niðurstöður úr tríkínurannsókn liggja fyrir að uppfylltum settum skilyrðum varðandi það. Skrokkar eru stimplaðir á þremur stöðum hver helmingur þannig að eitt heilbrigðismerki sé á hverju stykki þegar hálfir skrokkar eru stykkjaðir í þrjú stykki hvor helmingur.

## 6.4. Skráningar, vistun og tilkynningar

Hd/ed merkir við á dagskýrslu, GAT-011/GAT-019 undir lið 5 að eftirlit (PM) hafi farið fram. Ef frávik koma í ljós skal frávikaskýrsla EBL-066 fyllt út, og skal hún afhent sláturhússtjóra. Tilvísun í númer frávikaskýrslu skal skráð á GAT-011/GAT-019.

Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

Niðurstöður heilbrigðisskoðunar skulu sendar innleggjanda sérstaklega á EBL-074 eða með niðurstöðum úr afurðakerfi ef skráð er í slíkt kerfi. Nægjanlegt telst að senda innleggjanda skráningar í afurðakerfi sláturhússins varðandi niðurstöður úr heilbrigðisskoðun á afurðum. Afrit af EBL-074 er vistað á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, möppu merktri „Heilbrigðisskoðun“.

Hd/ed tilkynnir sláturleyfishafa, innleggjanda og aðalskrifstofu MAST ef skoðun leiðir í ljós sjúkdóm sem fellur undir VLR-024 viðbrögð við alvarlegum dýrasjúkdómum. Nota skal viðeigandi eyðublöð sem eru tengd verklagsreglunni. Ef skoðun leiðir í ljós ástand sem getur haft áhrif á lýðheilsu, dýraheilbrigði, velferð dýra eða sjúkdóm sem fellur ekki undir VLR-024 en þarf að tilkynna skal fylla út EBL-075 og senda til MAST, mast@mast.is, þaðan sem upplýsingum er miðlað til viðkomandi ábyrgðaraðila. Hd/ed í viðkomandi umdæmi metur þörf á viðbótareftirliti á upprunabújörð og aðgerða gagnvart stjórnanda þar.

Afrit eyðublaða tengdum VLR-024 og af EBL-075 er vistað á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Tilkynningar til MAST“. Ef þörf er á er viðeigandi viðbragðsáætlun virkjuð.

## 7. Hollustuhátta – og hitastigseftirlit

Reglugerð 854/2004 (105/2010), 4 gr. c, d og h og l. viðauki, l. þáttur, l. kafla 2 b, II. kafli D, II. þáttur V. kafli s.

### 7.1. Framkvæmd

Hd/ed skal hafa reglulegt eftirlit með:

- a. Hollustuháttum fyrir, við og eftir slátrun/framleiðslu.
- b. Persónulegu hreinlæti starfsfólks.
- c. Eftirliti með saurmengun og annarri sýnilegri mengun afurða.
- d. Hitastigi í sóttþreinsikösum fyrir hnífa, skrokkasagir og á bakkabandi.
- e. MSS (CCP) á sláturlínu.

Hd/ed skal beita eftirfarandi aðferðum við eftirlitið:

- c. Skoðun á skráningum fyrirtækisins.
- d. Eigin skoðunum/mælingum hd/ed.
- e. Samanburði á eigin skoðunum/mælingum og skoðunum/mælingum fyrirtækisins.
- f. Fylgjast með/ horfa á hvort eftirlitsmaður fyrirtækisins framkvæmir eftirlitið eins og krafist er samkvæmt gæðahandbókum fyrirtækisins.

Við eftirlitið skal nota GAT-011/GAT-019 þar sem fram kemur hvað á að skoða. Varðandi mat á athugasemdum skal styðjast við kafla 1.5.1. í LBE-008.

## 7.2. Ákvarðanir

Ef viðbrögðum við frávikum er ekki sinnt skal eftirfylgni framkvæmd skv. kafla 1.5.2 í skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008.

## 7.3. Skráningar, vistun og tilkynningar

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 6 í dagskýrslu, GAT-011/GAT-019. Nota skal sambærilegt mat og er í skoðunarhandbók (LBE-008). Ef skráð er frávik F eða alvarlegt frávik A skal skrifa frávikaskýrslu EBL-066 og skal tilvísun í númer hennar skráð fyrir framan skoðunatriði. Frávikaskýrsla skal afhent sláturhússtjóra.

Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

## 8. Sérstakt áhættuefni og aðrar aukaafurðir dýra

Reglugerð 854/2004/EB (105/2010), 5. gr., I. viðauki, I. þáttur, II. kafli E.

Reglugerð 1774/2002/EB (108/2010) um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneðis, 7. gr., II. viðauki, I. kafli.

### 8.1. Framkvæmd

Hd/ed skal fylgjast reglulega með að sérstakt áhættuefni sé rétt fjarlægt, merkt og haldið aðskildu frá öðrum flokkum aukaafurða dýra. Einnig skal fylgjast með að aðrar aukaafurðir dýra séu rétt flokkaðar í 1., 2. og 3. flokk í samræmi við 4.-6. gr. reglugerðar 1774/2002/EB og að þeim sé haldið aðskildum og þær merktar. Við eftirlit skal nota GAT-011/GAT-019.

### 8.2. Ákvarðanir

Ákvarðanir skulu vera í samræmi við ákvæði í reglugerð 1774/2002/EB (108/2010) um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneðis. Ef áhættuflokkar blandast þá ræður flokkur mestrar áhættu.

Ef viðbrögðum við frávikum er ekki sinnt skal eftirfylgni framkvæmd skv. kafla 1.5.2 í skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008.

### 8.3. Skráningar, vistun og tilkynningar

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í dagskýrslu, GAT-011/GAT-019 og frávikaskýrslu EBL-066 ef ástæða er til og skal hún afhent sláturhússtjóra. Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

## 9. Prófanir á rannsóknastofu

Reglugerð 854/2004/EB (105/2010), 5. gr. 1. f.

Reglugerð nr. 2073/2005/EB um örverufræðileg viðmið fyrir matvæli.

Reglugerð nr. 2075/2001/EB um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínum í kjöti.

### 9.1. Framkvæmd

Hd/ed skal tryggja að sýnataka fari fram skv. eftirlitsáætlunum MAST eða fyrirmælum sem aðalskrifstofa MAST hefur sent hd/ed. Athuga þarf hvort taka þarf sýni vegna;

- a. Sýnataka vegna riðu samkvæmt eftirlitsáætlun MAST fyrir hvert ár.
- b. Greining á óleyfilegum efnum og eftirlit með reglufestum efnum samkvæmt eftirlitsáætlun MAST fyrir hvert ár.
- c. Aðrar sýnatökur samkvæmt beiðni sérgreinadýralækna og aðrar sýnatökur sem MAST samþykkir.

Hd/ed skal athuga sýnatökur sláturleyfishafans eftir því sem við á. Skoða skal niðurstöður, framkvæmd sýnatöku, tíðni og niðurstöður sýnatöku vegna:

- a. Vöktunar og eftirlits með súnum sbr. EB/2073/2005 (135/2010) og viðeigandi landsáætlanir.
- b. Sýnatöku vegna rannsókna á tríkínum sbr. reglugerð 2075/2010/EB (136/2010).

### 9.2. Ákvarðanir

Gerð er athugasemd ef sláturleyfishafi tekur ekki sýni skv. áætlunum sínum.

Ef viðbrögðum við frávikum, þar sem það á við, er ekki sinnt skal eftirfylgni framkvæmd skv. kafla 1.5.2 í skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008.

### 9.3. Skráning og vistun skjala

Hd/ed skal merkja í lið 8 á GAT-011/GAT-019 hafi hann tekið sýni.

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 8 í dagskýrslu, GAT-011/GAT-019. Nota skal sambærilegt mat og er í skoðunarhandbók (LBE-008). Ef skráð er frávik F eða alvarlegt frávik A skal skrifa frávikaskýrslu EBL-066 og skal tilvísun í númer hennar skráð fyrir framan skoðunatriði. Frávikaskýrsla skal afhent sláturhússtjóra.

Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

## 10. Sérkröfur markaðsvæða

### 10.1. Framkvæmd

Hd/ed skal líta svo á og hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt reglum sem gilda fyrir þau markaðssvæði sem vinnslustöð hefur leyfi til að framleiða fyrir. Sláturleyfishafi ber ábyrgð á og skal tilkynna hd/ed ef afurð er ekki unnin fyrir tiltekið markaðssvæði sem sérkröfur ná til. Hd/ed skal reglulega hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt sérkröfum mismunandi markaðssvæða t.d. USA, Rússlands, Japan, Kína, Hong Kong, Víetnam.

Í vinnslustöðvum sem hafa leyfi til að framleiða fyrir USA markað skal hd/ed fylgjast daglega með að eftirfarandi USA kröfur séu uppfylltar: (9 CFR, 416 og 417).

- a. Hreinlæti fyrir og meðan á vinnslu stendur.
- b. HACCP.

- c. Nýru skulu losuð úr himnu fyrir heilbrigðissskoðun
- d. Lýsing þar sem eftirlit er framkvæmt skal vera góð, minnst 540 Lux við PM
- e. Aðgerðir til að koma í veg fyrir blöndun hrossakjöts við sauðfjárafurðir ætluðum fyrir USA markað.
- f. Sýnataka til tegundagreiningar.
- g. Sýnataka og rannsóknir á kóligerlum í sauðfjárafurðum ætluðum fyrir USA markað.
- h. Kröfur varðandi Pre – Shipment Review.
- i. Eftirlitsdýralæknar og aðstoðarfólk við heilbrigðissskoðun skal bera barmmerki eða vera merkt á annan hátt þannig að ljóst sé að það sinni opinberu eftirliti.

Við eftirlitið skal nota GAT-011/GAT-019. Á GAT-011/GAT-019 skal merkja við sé verið að vinna fyrir ákveðið markaðsvæði og skal skráð hvaða svæði.

## 10.2. Ákvarðanir

Við alvarleg frávik skal gera frávikaskýrslu á EBE-066 og skal hún afhent sláturhússtjóra.

## 10.3. Skráning, vistun og tilkynningar

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 10 í dagskýrslu, GAT-011/GAT-019. Nota skal sambærilegt mat og er í skoðunarhandbók (LBE-008). Ef skráð er frávik F eða alvarlegt frávik A skal skrifa frávikaskýrslu EBL-066 og skal tilvísun í númer hennar skráð fyrir framan skoðunaratriði. Frávikaskýrsla skal afhent sláturhússtjóra.

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í dagskýrslu, GAT-011/GAT-019 og frávikaskýrslu EBL-066 ef ástæða er til og skal hún afhent sláturhússtjóra.

Dagskýrslur og frávikaskýrslur skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi í möppu merktri „Dagskýrslur“ annars vegar og „Frávikaskýrslur“ hins vegar.

## 11. Aðstoðarfólk

Verkefni:

Skoðun sláturafurða eftir slátrun undir leiðsögn hd/ed

Ábyrgð.

Taka frá/merkja afurðir sem eru afbrigðilegar og hd/ed dæma heilbrigði þeirra

Ef verkefnum hefur verið úthlutað til aðstoðarfólks skal það skráð undir lið 11 á GAT-011/GAT-019 hvaða verkefnum hefur verið úthlutað til hans.

## 12. Heilbrigðissskoðun sláturafurða

Reglugerð 854/2004/EB (105/2010), V. kafli, II. þáttur, I. viðauki og IX. kafli, IV. þáttur, I. viðauka

Lög nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir

Sláturdýr mega ekki vera haldin sjúkdómi, né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu manna. Sláturafurðir sem eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum vegna neyslu þeirra skal hd/ed dæma óhæfar.

Þegar ákvarðanir um hvort sláturafurðir skuli dæmdar óhæfar til manneðis skulu hd/ed taka mið af eftirfarandi:

## FLOKKUN SJÚKDÓMA

### 12.1. Illkynja smitsjúkdómar

Allar afurðir af gripum höldnum neðangreindum sjúkdómum skulu dæmdar **óhæfar**:

1. Hundaeði (Rabies).
2. Miltisbruni (Antrax).
3. Snífi (Malleushumidus et farciminosus).
4. Illkynjuð lungnabólga í hrossum (Pleuropneumonia contagiosa equorum).
5. Illkynjuð lungnabólga í nautgripum (Pleuropneumonia contagiosa bovum).
6. Nautgripapest (Pestis bovina).
7. Gin- og klaufaveiki (Aphtae Epizooticae).
8. Fjárnabólga (Variolaovina).
9. Illkynjuð klaufaveiki í sauðfé (Paramychia contagiosa ovinum).
10. Svínapest (Pestissuum).
11. Smitandi blóðleysi í hrossum (Anemia infectiosa equorum).
12. Smitandi sogæðabólga í hrossum (Blastomycosis).
13. Illkynjuð stóðhestapest (Dourine, Trypanosomiasis equiparda).
14. Aðrir illkynja smitsjúkdómar, t.d. afrikönsk svínapest (Pestis suum africana), hrossapest (Pestis equorum), blátunga (Febris catarrhalis ovium), agalactia contagiosa, o.s.frv.
15. Verði vart einhvers framangreinds sjúkdóms við heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, ber dýralækni að tilkynna það Matvælastofnun (yfirdýralækni) án tafar og gera þegar í stað bráðabirgðaráðstafanir til að hindra smitdreifingu og eyða öllum afurðum af sjúkum dýrum.

### 12.2. Aðrir smitsjúkdómar

1. Rauðsýki (Erysipelas): Afurðir **óhæfar** sé um bráða rauðsýki að ræða. **Hæfar** ef aðeins er um að ræða einstaka húðflekki eða staðnaða liðabólgu og engan sótthita að fráskildum sjúkum hlutum eða líffærum og að undangenginni sýklarannsókn.
2. Salmonellasýki: **Óhæft**.
3. Inflúenza í hrossum (Catarrhal influenza): **Óhæft**.
4. Illkynjuð slímhúðarbólga í nautgripum: **Óhæft**.
5. Pestbjúgur (Oedema malignes): **Óhæft**.
6. Bráðapest (Gastromycosis ovis): **Óhæft**.
7. Rotbjúgur (Gangrena emphysematososa): **Óhæft**.
8. Lungnapest (Pasteurellosis): **Óhæft**.
9. Pyæmia og septicemia: **Óhæft**.
10. Hníslasótt (Coccidiosis): **Óhæft**, ef um ákafa hníslasótt er er að ræða,
11. Bólgur í görnum ungdýra (kálfa): **Óhæft**.
12. Stífkrampi (Tetanus): **Óhæft**.
13. Ákafar bólgur á naflastað: **Óhæft**.
14. Aktinomycosis, Botryomycosis: **Óhæft**, ef sjúkdómurinn hefur valdið megurð og meinvörpum. Sjúk líffæri og eitlar **óhæfir**.
15. Mæðiveiki: **Óhæft**, sé veikin á háu stigi og hafi valdið hor og vanþrifum. Lungu og lifur **óhæf**.
16. Garnaveiki (Paratuberculosis): **Óhæft**, ef hor fylgir, lifur, garnir og mör **óhæfur**.

17. Berklaveiki (Tuberculosis): **Óhæft**, nema veikin sé mjög takmörkuð og stöðnuð. Sjúk líffæri og eitlar **óhæfir**.
18. Hitasótt: **Óhæft**.
19. Blóðmiga í nautgripum: **Óhæft**.
20. Eitlastækkanir eða ígerðir í eitlum ganglima sauðfjár: **Hæft**. Eitlar og/eða skanki **óhæfur**.

### 12.3. Æxli og æxlissjúkdómar

1. Góðkynjuð æxli (Tumores benignae): Líffæri eða líkamshlutar, þar sem æxlið finnst, **óhæft**.
2. Myksofibrom, Neurofibrom: **Óhæft**, sé útbreiðsla æxlanna mikil. **Hæft** sé um afmarkað æxli að ræða og holdafar sæmilegt.
3. Melanosarkom: **Hæft**, þegar um lítið afmarkað æxli er að ræða. **Óhæft**, þegar æxlismyndanir eru miklar eða meinvörp.
4. Illkynjuð æxli (Carcinoma, sarcoma o.s.frv.): **Óhæft**, ef æxlismyndun er útbreidd með meinvörpum og hor. **Hæft**, ef æxlin eru lítil og afmörkuð og engin meinvörp nema til eitla sjálfs líffærisins.
5. Leucosis: **Óhæft**.

### 12.4. Efnaröskunar-, hörgul og eitrunarsjúkdómar

1. Anæmi með hor: **Óhæft**.
2. Hydræmi: **Óhæft**, þegar hor fylgir með vökva í brjóst- og kviðarholi.
3. Acetonæmi í nautgripum og puerperalhæmoglobinuria: **Óhæft**.
4. Hæmoglobinuria í hrossum: **Óhæft**.
5. Doði: **Óhæft**.
6. Krampadoði (Eklampsia): **Óhæft**.
7. Uræmi: **Óhæft**.
8. Ikterus: **Hæft**, þegar gulan er staðbundin við lifur. Lifrin **óhæf**. Standi gulan í sambandi við smitsjúkdóm, eitrun eða langvinna sjúkdóma í lifur, svo um almenna gulu sé að ræða: **Óhæft**.
9. Melanosis í kálfum: **Óhæft**, ef útbreiðsla er mikil. **Hæft** sé útbreiðsla afmörkuð og umfangslítill: og hið litaða **óhæft**.
10. Acut tympanitis: **Óhæft**, hafi skepnan verið veik nokkurn tíma.
11. Rachitis, osteodystrofi og osteomalacia: **Hæft**, ef hold eru sæmileg, annars **óhæft**.
12. Bráðar eitranir: **Óhæft**.
13. Langvinnar eitranir, sem haft hafa í för með sér sjúklegar breytingar: **Óhæft**.
14. Eitranir vegna sveppaeiturs í fóðri: **Óhæft**.

### 12.5. Óeðlileg lykt, bragð, litur

1. Sláturafurðir með óþef eða óbragði af völdum sjúkdóms: **Óhæft**.
2. Sláturafurðir með óþef eða óbragði vegna fóðrunar með fiskimjöli, fjörubeit, vissum káltegunum o.s.frv.: **Hæft** sé gallinn lítið áberandi og hverfi innan sólarhrings.
3. Sláturafurðir með óþef eða óbragði vegna lyfjanotkunar: **Óhæft**.
4. Sláturafurðir af geithöfrum, hrútum og göltum, sem við loðir óþefur eða keimur: **Hæft** og kjöt og líffæri skal merkja tegundarheiti.
5. Fóstur fullburða: **Óhæft**.
6. Sláturafurðir af gripum, sem dældir hafa verið í hold, æð eða verið gefið inn lyf, er stöðvar sýklavöxt (fúkalyf eða kemotherapeutika): **Óhæft**, ef afurðanýtingarfrestur er ekki liðinn.

### 12.6. Sjúkdómar í hjarta og æðakerfi

1. Áköf bólgna í gollurshúsi af völdum smits: **Óhæft**.

2. Langvinn bólga í gollurshúsi: **Hæft**, enda sé gripurinn í góðum holdum, laus við sóttthita og blóðrásartruflanir.
3. Gollurshúsbólga í nautgripum og sauðfé af völdum aðskotahluta: **Óhæft** ef um hitasótt og blóðrásartruflanir er að ræða.
4. Langvinn afmörkuð gollurshúsbólga: **Hæft**, enda sé gripurinn í góðum holdum og blóðrásartruflanir engar.
5. Ulcerös endocarditis: **Óhæft**.
6. Verrucös endocarditis: **Óhæft** (sjá þó rauðsýki).
7. Hjartasjúkdómar, sem smitefni valda ekki (vansköpun o.þ.h.): **Hæft**, en hlutar af skrokk og líffæri **óhæf**, sé um blóðrásartruflanir að ræða.
8. Trombosis af völdum orma: **Óhæft**, ef blóðrásartruflanir í kviðarholsæðum eða bólgur fylgja.

### 12.7. Sjúkdómar í öndunarfærum

1. Sinuitis: **Óhæft**, ef sóttthiti fylgir. Haus **óhæfur**.
2. Snúðtrýni: **Hæft**, enda sé gripurinn í sæmilegum holdum og ekki um aðra sjúkdóma að ræða. Haus ásamt eitlum **óhæfur**.
3. Kronisk katarrhalsk eða purulent bronchopneumonia: **Óhæft**, ef hor fylgir sjúkdóminum. Lungu **óhæf**.
4. Pleuropneumonia í svínum: **Óhæft**. Sé um gamlar, afmarkaðar og staðnaðar bólgur að ræða, hold sæmileg og meinvörp engin: **Hæft** en lungu **óhæf**.
5. Gamlar ígerðir eða drephnútar, staðnaðir: **Hæft**, enda sé holdafar gott og meinvörp engin.
6. Áköf lungnabólga: **Óhæft**.
7. Berkjubólga: **Hæft**. Lungu **óhæf**.
8. Atelektasis, emfysem, blæðingar, aspirerað blóð o.s.frv.: **Hæft** en lungu **óhæf**.

### 12.8. Sjúkdómar í brjósthimnu

1. Brjósthimnubólga: Dæmist eftir sjúkdómi þeim, sem hún stafar af.
2. Diffus serofibrinös, suppurativ ikorös brjósthimnubólga: **Óhæft**.
3. Samgróningur og óhrein brjósthimna vegna bandvefsmýndana: **Hæft** en lungu **óhæf**.
4. Vökvi í brjóstholi: **Hæft**, ef holdafar er gott og enginn bjúgur. Annars **óhæft**.

### 12.9. Sjúkdómar í meltingarfærum

1. Maga- og garnakvef í fullorðnum skepnum: **Hæft**, ef skepnan er hitalaus og engar sjúklegar breytingar sjáanlegar annars staðar nema smávægilegur þroti í hengiseitlum. Sýklarannsókn í vafatilfellum. **Óhæft**, ef hitasótt fylgir og mikil bólga er í þörmum, milti og lifur.
2. Langvinnt maga- og garnakvef: **Hæft**, ef holdafar er sæmilegt. **Óhæft**, sé skrokkurinn daunillur og horaður.
3. Septisk, krupös og hæmorrhagisk garnabólga: **Óhæft**.
4. Kveisa og vægar stíflur í hrossum, þar sem ekki er um lífhimnubólgu að ræða: **Hæft**, annars **óhæft**.
5. Þemba, vindkveisa, garnaflækja, rifinn magi: **Óhæft**.
6. Loftmyndun í hengiseitlum á svínum (mesenterialemfysem): **Hæft**. Hengi og garnir **óhæft**.

### 12.10. Sjúkdómar í lífhimnu

1. Áköf eða útbreidd lífhimnubólga: **Óhæft**.
2. Vel afmörkuð fibrinös lífhimnubólga: **Hæft** en örvefur fjarlægður
3. Bandvefsmýndanir og samgróningar í lífhimnu og afmarkaðar gamlar ígerðir: **Hæft**. Hið sjúka **óhæft** og numið burt.



4. Vökvasafn í kviðarholi: **Hæft**, ef holdafar er gott en enginn bjúgur. Annars **óhæft**.

#### 12.11. Sjúkdómar í lifur

1. Angioma (æxli), blöðrumyndanir, gallsteinar: **Hæft**. Hluti af lifur eða lifrin öll **óhæf**.
2. Fituinfiltration: **Hæft** en lifur **óhæf**, ef mikil brögð eru að.
3. Útbreiddar lifrarskemmdir (degeneration): **Óhæft** (sjá smitsjúkdóma og eitranir).
4. Lifrabólgur: **Óhæft**, ef um ákafar og útbreiddar bólgur er að ræða af völdum smitefna, eitrunar eða sníkjudýra. Sama máli gegnir um langvinnar lifrabólgur, ef þeim fylgir hor, blóðrásartruflanir, gula eða ópefur. Langvinn lifrabólga, án blóðrásartruflana og megurðar: **Hæft** en lifrin **óhæf**.
5. Hnútar í lifur af völdum sníkjudýra: **Hæft** en lifur **óhæf**.
6. Drephnútar eða ígerðir í lifur af völdum sýkla: **Óhæft**, ef um útbreidda og bráða skemmd er að ræða. Gamla, staðnaðar skemmdir: **Hæft** en lifur **óhæf**.
7. Drephnútar í lifur af völdum salmonellasýkla í kálfum: **Óhæft**.

#### 12.12. Sjúkdómar í þvaggfærum

1. Nýrnasteinar, blöðrumyndanir eða litarefni í nýrum: **Hæft**. Nýrun **óhæf**.
2. Bólga í nýrum: **Óhæft**, ef um hor og þvagglykt er að ræða. Langvinn bólga í nýrum, þar sem holdafar er gott og engin merki um ófullkomna nýrnastarfsemi: **Hæft**. Nýrun **óhæf**.
3. Áköf nýrnabólga af völdum sýkla: **Óhæft**.
4. Blöðrubólga: **Óhæft**, ef hitasótt og þvagglykt fylgir.
5. Sprungin þvaggblaðra eða þvagrás: **Óhæft**, ef lífhimnubólga og þvagglykt fylgir.

#### 12.13. Sjúkdómar í júgri og æxlunarfærum

1. Áköf legbólga, hér með talin rotnandi fóstur í legi: **Óhæft**.
2. Langvinn legbólga með graftarhröða í legi: **Óhæft**, ef hor fylgir eða hitasótt.
3. Innþornuð fóstur í legi án útferðar: **Óhæft**.
4. Fastar hildir: **Óhæft**.
5. Brucellosis: **Hæft**. Kynfæri og eitlar þeirra ásamt júgri: **Óhæft**.
6. Distokia og fæðingarhjálp ólokið: **Óhæft**, ef legbólga fylgir eða rotið fóstur.
7. Úthverft leg, rífið leg, snúið leg: **Óhæft**, ef hitasótt og lífhimnubólga fylgir.
8. Vökvasöfnun í legi: **Óhæft**, fylgi hor og blóðrásartruflanir.
9. Septisk eða gangrænös júgurbólga: **Óhæft**. Sama máli gegnir um júgurbólgu, valdi hún hitasótt, hor eða spilltum líffærum.
10. Langvinn júgurbólga, sem ekki fylgir hitasótt eða almenn vanlíðan: **Hæft**. Júgur og júgureitlar **óhæfir**.
11. Gamla, inniluktir, staðnaðir drephnútar eða ígerðir í júgri: **Hæft**. Júgur og júgureitlar **óhæfir**.
12. Litarmyndun (pigmentation) í júgri á gyllum: **Hæft**. Júgur og júgureitlar **óhæfir**.

#### 12.14. Sjúkdómar í beinum, liðum og sinaslíðum

1. Beinbrot:
  1. Sóttmenguð brot: **Óhæft**.
  2. Ósöttmenguð, ný eða gróin brot: **Hæft**.

Allt marið og spillt kjöt umhverfis brotið og tilheyrandi eitlar skornir frá.

2. Ígerðir í beinum og beinmerg (osteomyelitis): **Óhæft**, ef meinvörp, hitasótt eða vanlíðan fylgir.

3. Liðabólgur:
  1. Ósöttmenguð liðabólga, langvinn eða bráð: **Hæft**. Liður og tilheyrandi eitlar: **Óhæft**.
  2. Sóttmenguð liðabólga (fibrinös, purulent):
    1. Í tveim eða fleiri liðum: **Óhæft**.
    2. Bólga í einum lið hjá ungdýrum yngri en 4 vikna: **Óhæft**.
    3. Bólga í einum lið hjá fullorðnum dýrum: **Óhæft**, ef hitasótt og vanlíðan fylgir.
    4. Langvinn liðabólga í svínunum og sauðfé, sjá rauðsýki.
    5. Bólgur í sinaslíðrum dæmast á sama hátt og liðabólgur.

### 12.15. Sjúkdómar í vöðvum

1. Kalkútfellingar í vöðvum: **Hæft**. Hið skemmda skorið frá: **Óhæft**.
2. Vöðvadegeneration: **Óhæft**, þegar margir vöðvar eru spilltir eða ef hitasótt fylgir. Ef aðeins einstöku vöðvar eru spilltir: **Hæft**. Spilltir vöðvar **óhæfir**.
3. Blæðingar í vöðvum: **Hæft**. Hið skemmda skorið frá, sé um verulegar blæðingar að ræða.

### 12.16. Sjúkdómar í húð

1. Sár, marblettir og ígerðir:
  1. Ný eða gróandi sár, marblettir: **Hæft**. Skemmdir skornar frá.
  2. Sóttmenguð sár eða ígerðir: **Óhæft**, ef hitasótt eða blóðeitrun fylgir.
2. Brunasár: **Óhæft**, ef hitasótt, bjúgur, spillt líffæri, berkju- eða lungnabólga fylgir eða ef reyklykt er af kjötinu.
3. Exem og langvinn húðbólga í svínunum: **Hæft**, sé kvillinn á afmörkuðum svæðum og holdafar gott. Skemmdir og e.t.v. eitlar fjarlægðir.
4. Húðbólgur af völdum sólarljóss, kals og kemískra efna: **Hæft**, ef ekki fylgir hitasótt. Skemmdir ásamt eitlum skornar burt.
5. Sarkopteskláði á svínunum: **Óhæft**, ef útbreiðsla er mikil og hor fylgir. Skemmdir, haus og lappir **óhæft**.
6. Psorópteskláði í sauðfé: **Óhæft**, ef veikin er á háu stigi og henni fylgir hor.
7. Hringskyrfi: **Hæft**. Húð, haus og lappir **óhæft**.
8. Mein og ígerðir eftir garnaveikibólusetningu: **Hæft**, ef bólgan er afmörkuð og stöðnuð. **Óhæft**, ef hiti og hor fylgir. Hið skemmda og tilheyrandi eitlar numdir brott.

### 12.17. Sníkjudýr

1. Cysticercus bovis: **Óhæft**.
2. Cysticercus cellulosae: **Óhæft**.
3. Trichinella spiralis: **Óhæft**.
4. Echinococcus sullir: **Óhæft**.
5. Höfuðsóttarsullur (Coenurus cerebralis): **Hæft**, ef holdafar er gott, annars **óhæft**. Haus **óhæfur**, skal brenndur.
6. Netjusullir (Cysticercus tenuicollis): **Hæft**, ef fáir sullir eru í kviðarholi. **Óhæft**, ef margir sullir finnast eða hor fylgir. Sullir skulu brenndir.
7. Lungna- og iðraormar: **Óhæft**, ef blóðleysi og hor fylgir.
8. Sarkosporidia (mæsur): **Óhæft**, ef sníklar þessir finnast um allan skrokkinn.
9. Hnútar af völdum sníkjudýra í görnum: **Hæft**. Garnir **óhæfar**.
10. Lirfur og ormar í kviðarholi: **Hæft**. Fituvefur í kviðarholi **óhæfur**.